



Alþingi
Erindi nr. P 138/2110
komudagur 10.5.2010

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. maí 2010.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu mansalsbókunar við Palermó-samninginn, 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 915 – 526. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar um fullgildingu mansalsbókunar um að koma í veg fyrir, uppræta og refsa fyrir mansal, einkum kvenna og barna, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (Palermó-samningur). Samningurinn var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York þann 15. nóvember 2000. Enn fremur er sérstaklega óskað álits Mannréttindaskrifstofunnar á því hvort þær lagabreytingar sem gerðar voru með lögum nr. 40/2003 og nr. 149/2009 séu fullnægjandi til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem bókunin leggur aðildarríkjum á herðar.

Mannréttindaskrifstofan hefur um árábil hvatt stjórnvöld til að fullgilda ofangreinda bókun sem og Palermó-samninginn sjálfan og Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali frá 3. maí 2005 til að efla baráttuna gegn mansali sem brýtur gróflega gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi þolenda. Sérstaklega hefur athygli verið vakin á samningunum í tengslum við árlegt alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem skrifstofan hefur staðið að, og í vinnu í tengslum við aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðisofbeldis. Skrifstofan fagnar því fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu og lætur í ljós þá von að umrædd mansalsbókun verði fullgilt hið fyrsta. Enn fremur leggur hún eindregið til að Evrópuráðssamningurinn sem og Palermó-samningurinn verði fullgiltir.

Hvað varðar það álitaefni hvort framangreindar lagabreytingar séu fullnægjandi til þess að Ísland geti staðið við þær skuldbindingar sem bókunin leggur aðildarríkjunum á herðar skal þess getið að skv. a-lið. 3. gr. bókunarinnar og 4. gr. Evrópuráðssamningsins er sérstaklega kveðið á um að fényting vændis annarra eða kynferðisleg misneyting í gróðaskyni í annarri mynd (exploitation of the prostitution of others or other forms of sexual exploitation), falli undir mansal að öðrum skilyrðum uppfylltum (verknaður, aðferðir, hagnýting). Í 227. gr. a núgildandi hegningarlaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 40/2003 og nr. 149/2009, segir: „í þeim tilgangi að misnota mann kynferðislega.“

Hins vegar segir í 224. gr. norsku hegningarlaganna: „Den som ved vold, trusler, misbruk av sårbar situasjon eller annen utilbørlig atferd utnytter en person til a) **prostitusjon eller andre seksuelle formål.**“ Í sænsku lögnum vísar ákvæði 4. kafla 1a) 1. til kynferðisbrota en einnig er talað um „utnyttjas för **tilfälliga sexuella förbindelser eller på annat sätt utnyttjas för sexuella ändamål.**“ Í dönskum hegningarlögum, gr. 262. a, er talað um „kønslig usædelighed“. Mannréttindaskrifstofan telur æskilegt að í ákvæðinu verði talið upp kynferðisbrot og vændi sérstaklega auk annarrar kynferðislegrar misnotkunar, í samræmi við Palermó bókunina, Evrópuráðssamninginn og löggjöf nágrannalanda okkar.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 149/2009, er, í samræmi við skilgreiningar Palermó-bókunarinnar og Evrópuráðssamningsins á mansali, tekið inn ákvæði um bága stöðu (position of vulnerability) viðkomandi einstaklings. Hins vegar er í athugasemdum með frumvarpinu í engu að því vikið hvaða tilvik geti fallið hér undir. Í Palermó-bókuninni er heldur ekki að finna neinar nánari skýringar á bágrí stöðu.

Hins vegar er að finna í skýringum (explanatory report) með Evrópuráðssamningnum nánari útlistun á því hvað átt er við. Þar segir m.a:

„83. By abuse of a position of vulnerability is meant abuse of any situation in which the person involved has no real and acceptable alternative to submitting to the abuse. The vulnerability may be of any kind, whether physical, psychological, emotional, family-related, social or economic. The situation might, for example, involve insecurity or illegality of the victim's administrative status, economic dependence or fragile health. In short, the situation can be any state of hardship in which a human being is impelled to accept being exploited. Persons abusing such a situation flagrantly infringe human rights and violate human dignity and integrity, which no one can validly renounce.

84. A wide range of means therefore has to be contemplated: abduction of women for sexual exploitation, enticement of children for use in paedophile or prostitution rings, violence by pimps to keep prostitutes under their thumb, taking advantage of an adolescent's or adult's vulnerability, whether or not resulting from sexual assault, or abusing the economic insecurity or poverty of an adult hoping to better their own and their family's lot. However, these various cases reflect differences of degree rather than any difference in the nature of the phenomenon, which in each case can be classed as trafficking and is based on use of such methods. “

Mannréttindaskrifstofa Íslands óttast að óvissa um það hvað telja megi bága stöðu einstaklings geti leitt til of þröngrar túlkunar á ákvæðinu og þannig verði tilvik sem hiklaust falli undir mansal jafnvel talin falla utan gildissviðs 227. gr. a. Minnt er á að skortur á tengslaneti, vanþekking um íslenskt samfélag, skortur á réttarvitund, og ýmiss konar aðstöðumunur, skapa ákjósanlegar aðstæður til hagnýtingar einstaklings. Í ljósi þessa ítrekar Mannréttindaskrifstofa Íslands þá ósk sína að, auk Palermó-bókunarinnar, verði Evrópuráðssamningurinn um aðgerðir gegn mansali fullgiltur svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri